



**HAFNARFJÖRÐUR**

## Lækur

### Athvarf fyrir geðfatlaða

Árið 2003 gerði Hafnarfjarðarbær, Rauði krossinn og Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi með sér samning um athvarf fyrir fólks með geðraskanir sem fékk heitið Lækur. Þann 1. janúar 2011 tók Hafnarfjarðarbær yfir málaflokk fatlaðs fólks og þar með starfsemi Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra. Rauði krossinn dró sig út úr rekstri athvarfsins sl. áramót og tók Hafnarfjarðarbær alfarið við rekstrinum en er áfram í góðu samstarfi við Rauða krossinn og sjálfboðliðar þaðan eru tilbúnir að koma að starfseminni. Notendur á Læk eru milli 15-20 daglega en hópurinn en um 60 einstaklingar eru að nýta þjónustuna á Læk.

Lækur hefur verið starfræktur frá upphafi að Hörðuvöllum 1. Húsið er vel staðsett fyrir starfið en aðgengi er erfitt auk þess sem húsið er í slæmu ástandi. Meðfylgjandi er skýrsla frá Umhverfis- og skipulagsþjónustu þar sem fram kemur að heildarviðhaldskostnaður vegna hússins er 17,3 milljónir. Auk þess hefur verið staðfest að mygla er í húsinu.

Samstarfsvettvangur St. Jósefsspítala kallaði sl. vetur eftir tillögum frá Fjölskyldusviði um verkefni sem gætu átt heima í spítalnum. Í ljósi ástands hússins að Læk og þess að starfseminni þar eru settar skorður settar vegna húsnæðisins var send inn tillaga um að Lækur fengi aðsetur í St. Jósefsspítala. Samstarfsvettvangur St. Jósefsspítala hefur samþykkt tillöguna skv. upplýsingum frá sviðsstjóra Stjórnarsýslu.

Sótt hefur verið um styrk til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir breytingum á St. Jósefsspítala fyrir starfsemi Lækjar.

Hér með er staða málsins kynnt fyrir Fjölskylduráði

Hafnarfjörður 15. ágúst 2018

Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar